

Því úrskurðast:

Umbeðið lögmann skal ná fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda gegn 10.000.000.00 kr. tryggingu.

Málskostnaðarkrafa gerðarþola er ekki tekin til greina.

Mánudaginn 7. mars 1983.

Nr. 51/1983. **Douglas Kintzinger**

gegn

Knattspyrnufélaginu Fram.

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í g lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. febrúar 1983, sem barst Hæstarétti 24. s. m. Kærður er úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 16. febrúar 1983 um skyldu sóknaraðilja til þess að setja 25.000.00 króna tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í máli, er sóknaraðili hefur höfðað fyrir bæjarþinginu á hendur varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og hafnað kröfu varnaraðilja á hendur sóknaraðilja um skyldu til þess að setja málskostnaðartryggingu þessa. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar í þessum þætti málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst sóknaraðili lækkunar á fjárhæð tryggingar og nýs frests til þess að leggja trygginguna fram.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hinn kærða úrskurð kvað upp Þórhildur Línadal, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík. Úrskurðinum fylgja ekki forsendur, sbr. 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40 gr. laga nr. 28/1981.

Úrskurðarorðið er þannig:

„Stefnandi, Douglas Kintzinger, setji 25.000.00 króna tryggingu

fyrir greiðslu málskostnaðar stefnda, Knattspyrnufélagsins Fram, í formi bankaábyrgðar eða sparisjóðsbókar í síðasta lagi hinn 15. mars 1983, er mál þetta verður tekið fyrir á reglulegu bæjarþingi Reykjavíkur.

Málskostnaður í þessum þætti málsins biður endanlegs dóms í málinu“.

Atvik máls þessa eru þau, að sóknaraðili, sem er erlendur ríkisborgari með lögheimili, að því er ætla verður, í Grimmel, Indiana, Bandaríkjum Norður-Ameríku, réðst til þjálfarastarfa í körfuknattleik hjá varnaraðilja í ágústmánuði 1982. Samkvæmt samningi aðilja skyldi starfstími sóknaraðilja vera frá 20. ágúst 1982 til 27. mars 1983, eða eitt keppnistímabil. Sóknaraðili hóf störf hjá varnaraðilja, svo sem samningurinn gerði ráð fyrir. Um miðjan október 1982 sagði varnaraðili sóknaraðilja upp störfum, og réðst sóknaraðili í framhaldi af því til þjálfarastarfa í Grindavík og er þar nú búsettur að Hafnargötu 12.

Sóknaraðili taldi framangreinda uppsögn úr starfi ólögmæta og höfðaði mál á hendur varnaraðilja til heimtu skaðabóta af því til efni. Er málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 8. febrúar 1983, krafðist varnaraðili málskostnaðartryggingar úr hendi sóknaraðilja með vísan til 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936. Sóknaraðili andmælti þeirri kröfu og krafðist úrskurðar bæjarþingsins um ágreiningsefnið.

Sóknaraðili styður kröfur sínar fyrir Hæstarétti þeim rökum, að samkvæmt 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936 sé það skilyrði sett fyrir heimild til þess að krefjast málskostnaðartryggingar, að stefnandi máls sé erlendis búsettur maður. Skilyrði þessu sé ekki fullnægt að því er sig varði, þar sem hann hafi hvergi annars staðar fasta búsetu en á Íslandi. Það hafi ekki verið vefengt af hálfu varnaraðilja, að sóknaraðili búi nú að Hafnargötu 12 í Grindavík og hafi þar í bæ fast starf á sínu atvinnusviði. Sóknaraðili kveður ekki ljóst vera, hversu lengi hann verði búsettur hérlandis, enda hafi engin ákvörðun verið tekin í þeim efnum. Geti jafnvel verið, að hann dveljist hér ævilangt. Þá telur sóknaraðili það engu breyta í þessum efnum, þó að hann sé erlendur ríkisborgari.

Af hálfu varnaraðilja er á því byggt, að sóknaraðili sé erlendis búsettur maður í skilningi 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936. Hann

eigi lögheimili í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og sé ríkisborgari þar. Dvöl hans hér á landi sé fyrirfram markaður tími, þar sem ekki verði betur séð en ætlun hans hafi verið sú að dveljast hér aðeins eitt keppnistímabil, þ. e. frá 20. ágúst 1982 til 27. mars 1983. Þá hafi sóknaraðili ekki flutt lögheimili sitt frá Bandaríkjunum og Bandaríkin séu ekki aðilar að Haagsamningnum um alþjóðleg einkamálaréttarfarsákvæði frá 1905. Þá bendir varnaraðili á, að ákvæði 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936 yrði næsta lítils virði, ef það nægði erlendis búsettum manni til þess að losna undan því að setja málskostnaðartryggingu að dveljast hérlandis skamman tíma, t. d. við þingfestingu máls, en hverfa síðan af landi brott. Gæti þá reynst ómögulegt að innheimta hjá honum málskostnað nema með ærnum tilkostnaði.

Svo sem fyrr greinir, á sóknaraðili lögheimili í Bandaríkjunum Norður-Ameríku, og er hann ríkisborgari þess lands. Hann hefur dvalist hér á landi frá því í ágúst 1982, er hann hóf hér störf, og er hann nú starfandi sem þjálfari í Grindavík, þar sem hann hefur búsetu. Starfstími hans í Grindavík líkur 18. mars nk. samkvæmt þeim ráðningarsamningi, er um störf hans þar gildir, en þó gerir samningurinn ráð fyrir, að til framlengingar geti komið. Varnaraðili hefur eigi sýnt fram á það með órækum hætti, að yfirvofandi sé brottför sóknaraðila af landinu. Samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af þeirri yfirlýsingu sóknaraðila, að engin ákvörðun hafi af hans hálfu verið tekin um för hans af landi brott, verður sóknaraðili eigi talinn erlendis búsettur maður í skilningi 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936. Verður honum því eigi, eins og á stendur, talið skylt að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í bæjarþingsmáli nr. 5581/1983 í Reykjavík. Ber því að fella úr gildi hinn kærða úrskurð. Eftir atvikum þykir mega fella niður kærúmálskostnað, en ákvörðun um málskostnað í þessum þætti málsins í hér-aði biður efnisdóms í málinu.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærúmálskostnaður fellur niður.